



Reykjavíkurborg
Íþróttá- og tómstundasvið

Reykjavík, 17. desember 2019
2019100008
3.7

Borgarráð

Ráðhúsinu
101 REYKJAVÍK

Samstarfssamningur við ÍBR

Á fundi menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs 16. desember 2019 var samþykkt að vísa til borgarráðs, til samþykktar, drögum að samstarfssamningi milli Reykjavíkurborgar og Íþróttabandalags Reykjavíkur f.h. íþróttafélaganna í borginni.


Ómar Einarsson



Borgartúni 12-14
105 Reykjavík
Sími 411 5000

SAMSTARFSSAMNINGUR

Reykjavíkurborgar og Íþróttabandalags Reykjavíkur, f.h. íþróttafélaga í Reykjavík

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, og Íþróttabandalag Reykjavíkur (hér eftir nefnt ÍBR), kt. 670169-1709, f.h. aðildarfélaga sinna, hér eftir nefndir samningsaðilar, gera með sér eftirfarandi samstarfssamning. Samningurinn kveður á um samskiptamál, styrkveitingar, rekstur, framkvæmdir og önnur sameiginleg hagsmunamál.

1. gr.

Markmið samningsins er að efla tengsl aðila til að íþróttastarf í Reykjavík verði áfram kraftmikið, borgarþúum til heilla. Í því felst að skapa sem bestar aðstæður til að reka starfsemi sem tryggir borgarþúum öflugt íþróttastarf, einkum í barna- og unglingsstarfi en einnig í afreksíþróttastarfi, almenningsíþróttum og hreyfingu eldri borgara.

2. gr.

Menningar-, íþróttá og tómstundarráð (Fagráð ÍTR) og stjórn ÍBR annast framkvæmd samnings þessa. Framkvæmdastjórn og skrifstofur þessara aðila annast dagleg samskipti aðila. Aðalstjórnir íþróttafélaganna fara með réttindi og skyldur viðkomandi félags í samningi þessum f.h. félaganna. Aðalstjórn hvers íþróttafélags ábyrgist þá þjónustu sem samningur þessi mælir fyrir um og gerir jafnframt skrifstofum ÍTR og ÍBR grein fyrir starfsemi félagsins í samræmi við ákvæði samnings þessa.

Þegar fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar og liggur fyrir gefur ÍBR út greiðslufirlit eigi síðar en 1. febrúar komandi/yfirstandandi árs til handa þeim félögum sem þiggja styrki samkvæmt samningi þessum. Þar koma fram upphæðir þeirra styrkja sem þeim verður úthlutað og helstu atriði sem félögin þurfa að standa skil á samkvæmt samningi þessum til að fá greiðslur.

3. gr.

Formaður/framkvæmdastjóri íþróttafélags er í forsvari fyrir aðalstjórn félagsins varðandi samning þennan og er fyrirsvarsmaður félagsins gagnvart ÍBR, ÍTR og Reykjavíkurborg. Fulltrúi stjórnar íþróttafélagsins, tekur þátt í að samræma starf þeirra aðila í því hverfi sem félagið starfar er vinna að íþróttá- og tómstundamálum. Má þar nefna frístundamiðstöðvar, lögreglu, skóla, önnur æskulýðssamtök, þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar og fleiri.

Hverfisfélag er svæðisbundið félag, sem ætlað er að þjóna tilteknu svæði í Reykjavík og stundar meginhluta starfsemi sinnar þar. Gert er ráð fyrir, að félagið eigi, eða hafi aðgang að íþróttasvæði og íþróttahúsi í hverfinu.

Félagið stundi a.m.k. 3 íþróttagreinir, þ.m.t. minnst tvær hópíþróttir. Allar íþróttagreinarnar skulu vera öllum opnar í samræmi við aldurs- og kynflokkun. Að auki skulu hverfisfélög tryggja framboð á einstaklingsíþróttum, ýmis sjálf eða í samstarfi við aðra.

Félagið sinni barna- og unglingastarfi grunnskólabarna í a.m.k. 3 íþróttagreinum (þar af minnst tvær hópíþróttir) sem uppfylla kröfur um deild. Félagið haldi uppi virkri starfsemi allt árið.

Deild með eina íþróttagrein hefur virkt barna- og unglingastarf eftir því sem greinin og aðrar aðstæður gefa tilefni til. Deild sem hefur minna en 20 virka og fullgilda iðkendur á grunnskólaaldri getur ekki talist með virkt barna- og unglingastarf.

Með virku starfi er átt við:

- að sérstaklega sé boðið upp á aðstöðu og þjálfun fyrir alla aldurshópa á grunnskólaaldri og tekið þátt í opinberum mótum eða viðburðum í viðkomandi grein
- að boðið sé upp á sambærilega aðstöðu og þjálfun fyrir bæði kyn
- að starfsemi allra aldurshópa sé í boði a.m.k. 6 mánuði á ári
- að innheimt séu æfinga- eða félagsgjöld af iðkendum

4. gr.

Íþróttafélögin reka ýmiskonar íþróttá- og félagsstarf í þeim íþróttagreinum sem í boði eru hjá viðkomandi félögum. Til að halda utan um þetta starf, skipulagningu þess og þjónustu við iðkendur og foreldra greiðir Reykjavíkurborg styrki skv. nánari sundurliðun sbr. 21. gr. þessa samnings.

Íþróttafélögin halda úti æfingum fyrir börn, unglina og afreksfólk. Félagin kappkosta að bjóða vel skipulagða og vandaða þjálfun þar sem tekið er tillit til mismunandi þarfa einstaklinga eins og kostur er.

Á samningstímanum munu borgaryfirvöld og ÍBR skoða sérstaklega atriði eins og lenging æfingatímabils, hlutverk íþróttafulltrúa, þjálfarakostnað félaganna og frístundaakstur í hverfum. Einnig verður styrktarkerfið í heild sinni endurskoðað með einföldun, gegnsæi og jafnræði að leiðarljósi.

5. gr.

Mótuð verður ný stefna íþróttamála í Reykjavík 2020-2030. Þau verkefni sem þar koma fram verða unnin í samráði við ÍBR og fagrað ÍTR.

Stefnt er að því að sem flest íþróttafélög í Reykjavík fái gæðaviðurkenninguna fyrirmyndarfélag ÍSÍ.

6. gr.

Íþróttafélögin eru aðilar að Frístundakorti ÍTR og gera um það sérstakan samning við skrifstofu ÍTR. Styrkur samkvæmt Frístundakortinu er nú 50.000 kr. á ári.

ÍBR og Ípróttafélögin mnu leita allra leiða til að vinna gegn því að efnahagsleg staða barna og fjölskyldna þeirra ráði því hvort börn og ungmenni geti tekið þátt í skipulögðu Ípróttastarfi. Meðal annars verði skoðað hvort veita megi systkinaafslætti til barnmargra fjölskyldna auk annarra leiða að þessu markmiði. ÍBR og fagráð ÍTR vinni í samvinnu við félögin að gerð tillagna í þessu verkefni.

7. gr.

Til að liðka fyrir samfelldum skóladegi barna mun Reykjavíkurborg styrkja Ípróttafélögin til að halda úti svokölluðum frístundaakstri. Fjárveiting vegna þessa er háð fjárveitingu Reykjavíkurborgar ár hvert. ÍBR annast útdeilingu styrkja til Ípróttafélaga samkvæmt nánara samkomulagi við Reykjavíkurborg.

Í þeim tilvikum sem Ípróttafélög taka á móti börnum úr frístundaheimilum vegna Ípróttæfinga greiðir Reykjavíkurborg gjald vegna útlagðs kostnaðar og aðstöðu við gæslu barna samkvæmt nánari reglum þar um milli viðkomandi Ípróttafélags, Skóla- og frístundasviðs (SFS) og skrifstofu ÍTR.

8. gr.

Ípróttafélögin hafa aðstöðu í Ípróttamannvirkjum sem þau eiga og/eða reka sjálf og/eða í mannvirkjum sem Reykjavíkurborg á eða hefur gert samninga um leigu á. ÍBR úthlutar Ípróttafélagunum æfingatímum í mannvirkjum í samræmi við „Reglur ÍTR og ÍBR um styrki til æfinga og keppni í Ípróttamannvirkjum“. Styrkur til Ípróttafélaganna er reiknaður vegna afnota þeirra af borgarmannvirkjum. Um mannvirki sem Ípróttafélögin reka verður nánar kveðið á um í greiðslusamningum fyrir hvert félag. Ípróttafélagunum ber að fullnýta eigin mannvirki áður en til úthlutunar á tímum í borgarmannvirkjum eða öðrum mannvirkjum kemur.

9. gr.

Leitast skal eftir því að jafna aðstöðu Ípróttagreina vegna mannvirkja sem eru í notkun allt árið, einkum þeirra sem hafa ekki fengið styrki í samræmi við það. Einkum er hér átt við mannvirki Ípróttafélaga sem eiga og/eða reka eigin hús en einnig stærri Ípróttahús skóla borgarinnar sem mest er þörf á að nýta yfir sumartímum sem og önnur mannvirki sem borgin á eða hefur gert samninga um notkun.

10. gr.

Til að fyrirbyggja slys og fylgja öryggiskröfum samkvæmt lögum og reglugerðum munu Ípróttafélögin ávallt sjá til þess að mannvirki sem þau sjálf reka, auk annars búnaðar, séu í góðu ásigkomulagi. Ípróttafélögin skulu tilkynna skrifstofu ÍTR og/eða ÍBR um þörf á úrbótum í þeim mannvirkjum sem þau nota og eru í eigu Reykjavíkurborgar eða hafa verið tekin á leigu af borginni.

Ípróttafélögin skulu hafa í gildi ábyrgðartryggingar sem bæta starfsmönnum, iðkendum og gestum tjón sem Ípróttafélögin eru bótaskyld fyrir.

ÍBR mun standa fyrir námskeiðum til aukinnar menntunar starfsmanna Ípróttamannvirkja s.s. varðandi skyndihjálp, öryggismál, siðamál o.fl.

11. gr.

Meiriháttar viðhald íþróttamannvirkja sem eru í eigu íþróttafélaga verður styrkt af Reykjavíkurborg samkvæmt mati úthlutunarnefndar.

Skipuð skal úthlutunarnefnd með einum fulltrúa skrifstofu ÍTR, einum fulltrúa ÍBR og einum fulltrúa Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar sem skulu fara yfir umsóknir um styrki vegna viðhalds. Skulu þeir leggja mat á hvort um meiriháttar viðhald sé að ræða og gera tillögur um úthlutun hvers árs til menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs (fagráðs ÍTR) og borgarráðs.

Sækja skal fyrirfram um styrkveitingu til skrifstofu ÍTR vegna meiriháttar viðhalds- og endurbótaverkefna í íþróttamannvirkjum í eigu félaganna. Styrkveitingar til slíkra verkefna eru ætíð háðar því að þær rúmist innan fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar.

12. gr.

Hvert hverfisfélag skal hafa a.m.k. einn íþróttfulltrúa í fullu starfi og fær félagið styrk til að standa straum af kostnaði vegna þess. Íþróttfulltrúi skal hafa háskólamenntun á sviði uppeldis-, íþrótt- og/eða tómstundamála. Íþróttfulltrúi skal sinna innra starfi félagsins og taka þátt í að samhæfa íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarf í hverfi íþróttafélagsins í samstarfi við aðra er sinna slíku starfi. Ráðningu íþróttfulltrúa skal bera undir ÍBR.

13. gr.

ÍBR og íþróttafélögin skulu sjá til þess að allir njóti jafnra tækifæra til að stunda og starfa við íþróttir án tillits til uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnmalaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu. ÍBR og íþróttafélögin eiga einnig að tryggja öryggi og velferð iðkenda og annarra sem að íþróttastarfinu koma. Þau skulu hafa virka jafnréttisstefnu og aðgerðaráætlun til að fylgja eftir stefnunni. ÍBR og íþróttafélögin skulu fylgja siðareglum og hegðunarviðmiðum ÍBR, m.a. reglum til að sporna við kynferðislegri áreitni og kynferðislegu ofbeldi í íþróttum, mannréttinda- og forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar.

Íþróttafélögin skulu bjóða uppá fjölbreytt starf og móti sér verkferla við móttöku á iðkendum af erlendum uppruna. Hverfisfélög skulu setja sér markmið um að hlutfall barna af erlendum uppruna í iðkendahóp endurspegli íbúasamsetningu hverfisins.

Samkvæmt styrkjareglum Reykjavíkurborgar skulu styrkþegar hafa kynnt sér styrkjareglur, siðareglur og verkferla, og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og fylgja þeim við framkvæmd hins styrkta verkefnis.

Á samningstímanum verður unnið að siðamálum þar sem íþróttafélögin tilnefna tvo fulltrúa sem aðstoða í málaflokknum innan hvers félags.

Verði gerð úttekt á stöðu þessara mála á samningstímanum veiti íþróttafélögin fúslega allar upplýsingar sem á þarf að halda.

14. gr.

Reykjavíkurborg styrkir afreksíþróttastarf félaganna með því að gera þeim kleift að nota aðstöðu í borginni. Reykjavíkurborg og ÍBR veita sameiginlega styrki til þeirra félaga sem náð hafa frábærum árangri á hverju ári að mati stjórnar ÍBR.

15. gr.

Reykjavíkurborg veitir íþróttafélögum sem halda sumarnámskeið sömu kjör og sumarnámskeiðum sem haldin eru á vegum borgarinnar hvað varðar aðgangseyri í sundlaugar Reykjavíkurborgar, aðgangseyri í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn og annað álíka.

16. gr.

Íþróttafélögin skulu fyrir 15. október ár hvert leggja fram áætlun fyrir skrifstofu ÍTR og ÍBR um íþróttastarf og áherslur á næstkomandi ári. Í áætluninni skulu koma fram markmið um starfsemina ásamt leiðum að þeim og helstu áherslur á samningstímabilinu. Einnig skal gerð grein fyrir hvernig árangur verði metinn. Samvinna skal vera á milli íþróttafélaga, ÍBR og skrifstofu ÍTR um gerð slíkrar áætlunar.

Skrifstofa ÍTR og ÍBR taka síðan afstöðu til markmiða, mælikvarða og forgangsroðunar verkefna sem koma fram í tillögum íþróttafélaganna.

17. gr.

Skrifstofa ÍTR og ÍBR annast greiðslur og uppgjör við íþróttafélögin. ÍBR skal í samvinnu við skrifstofu ÍTR gera áætlun um og skilgreina hvað greitt er til hvers félags í samræmi við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Skrifstofa ÍTR heldur eftir fjármunum vegna greiðslu félaganna á fasteignagjöldum og lóðarleigu af eignum félaganna til Reykjavíkurborgar.

Skilyrði fyrir styrkveitingum er að íþróttafélag hafi staðið skil á ársreikningi og starfsskýrslum í samræmi við lög ÍBR. Ársreikningar skulu einnig settir fram með þeim samræmda hætti sem samþykktur hefur verið á þingi ÍBR auk þess sem ársreikningur skal vera aðgengilegur á heimasíðu íþróttafélags. Uppfylli íþróttafélag ekki skilyrði fyrir styrkveitingum hafa ÍBR og skrifstofa ÍTR heimild til að stöðva þegar greiðslur til þess. Reykjavíkurborg er heimilt að óska eftir upplýsingum um greiðslustöðu íþróttafélaga hjá Orkuveitu Reykjavíkur.

Ef sýnt þykir að framlag borgarinnar hafi verið nýtt í öðru skyni en samkvæmt samningi og greiðsluáætlun áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefja viðkomandi íþróttafélag endurgreiðslu á framlögum og eftir atvikum rifta samningnum við viðkomandi félag.

ÍBR skal skila skrifstofu ÍTR greinargerð um framkvæmd samningsins og ráðstöfun framlaga Reykjavíkurborgar. Greinargerðin skal berast eigi síðar en 15. maí ár hvert.

Reykjavíkurborg og ÍBR munu á samningstímanum þróa mælikvarða fyrir íþróttastarf í borginni sem og almenna hreyfingu íbúa Reykjavíkur.

18. gr.

Til að styðja og efla íþróttastarf í Reykjavík styrkir Reykjavíkurborg ÍBR til skrifstofureksturs og þjónustu. Í þjónustunni felst úthlutun tíma í íþróttahúsum, úthlutun greiðslna fyrir tímanotkun íþróttafélaga og úthlutun ferðastyrkja. Þá tekur ÍBR að sér ýmis verkefni tengd íþróttastarfi svo sem að vinna að framgangi íþróttahreyfingarinnar í Reykjavík með kynningu og markaðssetningu og sjá um framkvæmd íþróttaviðburða, þátttöku Reykjavíkur í alþjóðlegum íþróttaviðburðum s.s. Alþjóðaleikum ungmenna og Grunnskólamóti höfuðborga Norðurlanda. ÍBR mun hafa eftirlit með starfsemi íþróttafélaganna, veita þeim faglega ráðgjöf og stuðning. ÍBR aðstoðar íþróttafélögin og sérráðin við mótahald og skipulagningu annarra íþróttaviðburða. ÍBR skal vinna að því að efla jákvæða ímynd íþróttar og heilbrigðs lífennis og skal stuðla að aukinni þátttöku íbúa Reykjavíkur í íþróttum. Sérstakur samningur milli Reykjavíkurborgar og ÍBR hefur verið gerður vegna viðburða í borginni. Einnig hefur verið gerður sérstakur samningur milli Reykjavíkurborgar og ÍBR um rekstur Skautahallarinnar í Laugardal.

19. gr.

Íþróttamannvirki í eigu Reykjavíkurborgar, sem notuð eru til starfsemi á vegum skólanna, standa íþróttafélögunum til afnota utan hins hefðbundna skólatíma. Skrifstofa ÍTR tekur þessi mannvirki á leigu af SFS og ráðstafar þeim til ÍBR. Í samræmi við reglur ÍTR og ÍBR um æfingar og keppni úthlutar ÍBR tímum til félaganna en þeim tímum sem eftir eru er ÍBR heimilt að leigja út til almennings, fyrirtækja og annarra, sem stunda vilja íþróttir. Rekstrarafgangur af slíkri leigu skal renna óskertur til reksturs ÍBR. Þetta fyrirkomulag verður endurskoðað samkvæmt endurskoðun styrkja almennt.

20. gr.

Reykjavíkurborg mun á samningstímanum leggja fram áætlun um uppbyggingu íþróttamannvirkja í borginni á næstu árum.

21. gr.

Reykjavíkurborg mun í fjárhagsáætlun hverju sinni gera ráð fyrir styrkjum til ÍBR og íþróttafélaga, en styrkir þessir eru greiddir íþróttafélögum í gegnum ÍBR, nema styrkir vegna framkvæmda og viðhalds og reksturs borgarmannvirkja og mannvirkja sem Reykjavíkurborg leigir af öðrum aðilum. Styrkveitingar eru þessar:

1. Styrkur vegna húsaleigu og æfingastyrkja félaganna og vegna íþróttafulltrúa og þjónustu félaga, samkvæmt reglum ÍBR og ÍTR. Skrifstofa ÍTR heldur eftir hlut félaganna vegna fasteignaskatta og greiðir til fjármálaskrifstofu sbr. 8. og 17. gr. Fjárveiting 2020: 972.583.000.-
2. Styrkur til viðhaldsverkefna og framkvæmda samkvæmt samningum þar að lútandi, sbr. 11. gr. Fjárveiting 2020 vegna viðhaldsverkefna 60.000.000.-
3. Styrkir til reksturs skrifstofu ÍBR sbr. 18. gr., reksturs sérráða innan ÍBR, ferðastyrkir, viðburðahalds, þátttöku í Grunnskólamóti höfuðborga Norðurlanda, Alþjóðaleikum ungmenna, Reykjavíkumaraþoni (RM) o.fl. Fjárveiting 2020: kr. 79.598.000.-

4. Styrkur vegna afnota félaganna af mannvirkjum ÍTR, skólum, Egilshöll, Keiluhöll, Laugardalshöll, Laugardalsvelli, Fylkisseli, fimleikahúsi á Seltjarnarnesi, knattúsi og frjálsíþróttavelli í S-Mjódd o.fl. er kr. 1.540.472.000,-. Skrifstofa ÍTR annast uppgjör á húsaleigu og æfingastyrkjum í þessum mannvirkjum skv. 19. gr.
5. Frístundaakstur alls kr. 22.248.000.-

Alls fjárveiting vegna 2020: kr. 2.674.910.000.- sbr. fsk.

Fjárhæðir samkvæmt samningi þessum skulu verðbætast frá undirritun samningsins allt til greiðsludags þeirra. Þegar fjárhæð samkvæmt samningi þessum eru greidd skal helmingur hennar verðbættur samkvæmt neysluvísitölu og helmingur hennar samkvæmt launavísitölu.

Fjárveitingar vegna árána 2021 og 2022 eru háðar því að þær verði samþykktar í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar.

22. gr.

Reykjavíkurborg og ÍBR gera með sér samkomulag um greiðslur og aðra framkvæmd vegna styrkja fyrir hvert fjárhagsár, sem lagt skal fyrir fagráð ÍTR og stjórn ÍBR að aflokinni samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar hvers árs. Skrifstofa ÍTR mun annast öll fjárhagsleg samskipti milli Reykjavíkurborgar og ÍBR.

23. gr.

Samningsaðilar eru sammála um að til að auka og efla samskipti sín á milli hafi fagráð ÍTR og ÍBR rétt á áheyrnarfulltrúa, með málfrelsi og tillögurétt, á stjórnarfundum ÍBR og fundum fagráðs ÍTR. Jafnframt eru samningsaðilar sammála um að vinna að því sameiginlega markmiði að efla Reykjavík sem íþróttaborg í samræmi við *Stefnu í íþróttamálum í Reykjavík 2020-2030, þegar hún liggur fyrir*

ÍBR og íþróttafélögin skulu upplýsa í kynningum á starfsemi sinni að þau njóti styrkja frá Reykjavíkurborg.

ÍBR og íþróttafélögin skulu gera Reykjavíkurborg grein fyrir, sé þess óskað, með hvaða hætti styrkveiting Reykjavíkurborgar sé nýtt hverju sinni.

24. gr.

Samningur þessi gildir til ársloka árið 2022. Heimilt er að endurskoða samning þennan eða fella úr gildi verði verulegar breytingar á umfangi rekstrar eða ef forsendur fyrir rekstri íþróttamannvirkjanna breytast. Gert er ráð fyrir að samningur þessi verði tekinn til endurskoðunar svo oft sem þurfa þykir. Endurskoðun þessa samnings skal þó fara fram eigi síðar en 1. apríl 2022 og mat lagt á árangur samstarfs liðinna ára og á framhald samnings.

25. gr.

Rísi ágreiningur út af samningi þessum skulu aðilar skipa sinn hvorn fulltrúa í sáttanefnd og koma sér saman um hlutlausan oddamann. Nefndin skal skera úr ágreiningi og er úrskurður hennar bindandi.

Samningur þessi er 8 tölusettar blaðsíður og gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvorn aðila.

Reykjavík,

2019.

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Íþróttabandalags Reykjavíkur

F.h. íþróttafélaga með aðild að ÍBR

Samþykkt í borgarráði